

Lyfjæftirlitinu veitir forstöðu lyfjafræðingur, er stenst kröfur þær, er greinir í 9. gr. til þess að öðlast lyfsöluleyfi. Tryggja skal lyfjæftirlitinu auk þess hæfilegt starfslíð og aðstöðu til nauðsynlegra rannsókna. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofnunum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum lyfjæftirlitsins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir, er lyfjæftirlit ríkisins hefur eftirlit með. Til eftirlitsins falla jafnframt að hluta gjöld af sérlyfjum samkvæmt úrskurði ráðherra, sbr. ákvæði 1. málsg. 62. gr. Skal verja tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir þessum kostnaði og greiðist það, sem á vantar, þá úr ríkissjóði.

Ráðherra kveður nánar á um starfssvið og starfshætti lyfjæftirlits ríkisins í reglugerð. Mæla skal einnig fyrir um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra í reglugerð. Eftirlitsgjöld eru lögtakskræf.

3. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, að höfðu samráði við landlækni og lyfjanefnd, að veita undanþágu frá skráningargjaldi og árgjaldi því, sem getur í 1. málsg., ef sérstakar ástæður mæla með.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

FORSETA BRÉF

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 97. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.